

Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats

Í lok janúar 2015 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfi leikskólans Sjálands. Markmið matsins var gert á grundvelli 17.gr laga um leikskóla nr.90/2008. Í kjölfarið var gefin út skýrsla með niðurstöðum þess mats. Í skýrsluninni komu fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tækifæri til umbóta. Stjórnendur skólans hafa kynnt sér niðurstöður skýrslunar og hefur umbótaáætlun verið lögð verður fyrir starfsmenn skólans sem, foreldraráð og sveitastjórn til umsagnar.

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
1	Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr.87/2008	Ljóst er að ákvæði laga um menntun kennara er fjarri raunveruleikanum í leikskólaumhverfinu í dag og því langur vegur frá því að leikskólinn Sjálandi nái þeim viðmiðum eins og flestir leikskólar. Við höfum hins vegar leitað þeirra leiða að efla þann starfsmannahóp sem starfar við skólann. Hefur verkefnið " Að mennta innan frá" sem hófst haustið 2013, hvatt til aukins áhuga á menntun í faginu, þar sem öllum starfsmönnum stendur til boða að skrifa undir námssamninga, sem felur í sér að starfsmaður er á launum þegar hann sækir námið. Að auki þegar lausar stöður við skólann eru auglýst er alltaf óskað eftir leikskólakennurum í starfið.	Mannauðsstjóri	Þar til ákvæði laga hefur verið náð
2	Gera ætti bækur sýnilegri og bæta aðgengi barna að þeim	Á vorönn 2015 var unnið að innleiðingu verkefnis sem nefnist Orðasnilli og felur m.a. í sér að auka notkun og aðgengi barna að bókum og efla orðaforða og hlustunarskilning barna. Með þessu verkefni verður til heildstæð stefna innan skóla. Verkefnið skapar markvissar sögustundir og lestrarhvetjandi umhverfi. Áfram verður unnið með þetta verkefni á næsta skólaári.	Aðstoðarskólastjóri	Innleiðingu lokið sumarið 2016

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
3	Auka þarf aðkomu starfsfólks, foreldra og barna að gerð skólanámskrá og starfsáætlun	Allir starfsmenn taka þátt í gerð bæði skólanámskrár og starfsáætlunar. Foreldraráð skólans fær alltaf skólanámskrá og starfsáætlun til umsagnar fyrir útgáfu þess þannig að möguleiki er á að bæta eða breyta. Það má hins vegar bæta þátttöku barna í þessum málum og munum við vinna að því næsta skólaár að leita leiða til þess. M.a. með því að nýta okkur lokaverkefni á meistarastigi í leikskólakennarafræðum sem unnið var í skólanum síðasta skólaár þar sem skoðað var hvernig efla megi þátttökubarna í mati á skólastarfi.	Skólasjóri Aðstoðarskólastjóri	Rýnt skólaárið 2015-2016
4	Æskilegt væri að gera vinnu með Grænfánaverkefnið sýnilegra í leikskólanum	Leikskólinn Sjáland fékk fyrst afhentan Grænfánann haustið 2008, fyrstur leikskóla í Garðabæ. Og hefur fengið hann sleitulaust síðan. Unnin eru umhverfisverkefni að hausti og þau eru til sýnis allt skólaárið þar sem unnið er með umhverfishugmyndir og umræða fer fram um umhverfismál. Hins vegar hefur ekki verið nýtt sem skildi verkefni sem nefnist Umhverfisráðherra, og mun verða bætt úr því á næsta skólaári. Felur þetta verkefni í sér þátttöku barna í mati á stöðu umhverfismála innan skólans, sem hvetur til umræðu og eflir umhverfismálin eins og Grænfánaverkefnið hefur að markmiði. Jafnframt verður unnið að nýrri umsókn um Grænfána og nýju verkefni þar með.	Aðstoðarskólastjóri	Haustönn 2015
5	Æskilegt væri að skoða ferli ákvarðanatöku í leikskólanum	Efla þarf kjarnastjórana sem millistjórnendur og skilgreina betur þeirra hlutverk innan síns kjarna. Unnið er eftir sameiginlegum ramma innan alls skólans. Hver kjarni hefur síðan svigrúm innan þess ramma varðandi verkefnaval og annað eftir áhugasviði og þroska barnahópsins. Rýnt verður í það hvert ferli ákvarðanatöku er á næsta skólaári, það greint og gert sýnilegt.	Mannauðsstjóri Aðstoðarskólastjóri	Skólaárið 2015-2016

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
6	Æskilegt væri að taka upp umræðu um undirbúningstíma við starfsfólk.	Í leikskólanum hefur undirbúningur alltaf verið unnin eftir vinnutíma starfsmanna og því greiddur í yfirvinnu. Á næsta skólaári verður sú nýbreyttni að fleiri tækifæri eru fyrir alla starfsmenn að vinna að undirbúningi á vinnutíma. Sérstaklega verður aukið tækifæri til undirbúningsvinnu á vinnutíma fyrir kjarnastjóra.	Mannauðsstjóri	Haustönn 2015
7	Auðvelda ætti foreldrum að koma með athugasemdir og ábendingum á framfæri við stjórnendur	Áhersla er á góð og jákvæð samskipti við foreldra og þeir alltaf velkomnir að ræða málin við stjórnendur skólans. Verður sérstaklega hvatt til þess á haustdögum að foreldrar nýti sér það ef eitthvað er sem þeir vilji koma á framfæri. Íða Björg mun senda út tölvupóst til foreldra vegna þessa og verður þá sérstakur tengiliður við foreldra þó þeim sé auðvitað velkomið áfram að ræða við aðra stjórnendur. Enn fremur hefur Foreldraráð skólans komið með góðar og gagnlegar athugasemdir.	Aðstoðarskólastjóri	Haustönn 2015
8	Æskilegt væri að láta gera viðhorfskönnun á starfsumhverfi og starfsánægju	Verður framkvæmt vorið 2016 í samstarfi við Leikskólapúlsinn	Mannauðsstjóri	Vorönn 2016 og síðan annað hvert ár
9	Stjórnendur ættu að veita starsfólki markvissa endurgjöf og hrós fyrir vel unnin störf og góðar hugmyndir	Kjarnastjórar verða virkjaðir betur í þessu hlutverki ásamt því sem að mannauðsstjóri vinnur að skilvirkari endurgjöf.	Mannauðsstjóri	Haustönn 2015

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
10	Brýnt er að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum í leikskólanum	Ljóst er að ákvæði laga um menntun kennara er fjarri raunveruleikanum í leikskólaumhverfinu í dag og því langur vegur frá því að leikskólinn Sjálandi nái þeim viðmiðum eins og flestir leikskólar. Við höfum hins vegar leitað þeirra leiða að efla þann starfsmannahóp sem starfar við skólann. Hefur verkefnið " Að mennta innan frá" sem hófst haustið 2013, hvatt til aukins áhuga á menntun í faginu, þar sem öllum starfsmönnum stendur til boða að skrifa undir námssamninga, sem felur í sér að starfsmaður er á launum þegar hann sækir námið. Að auki þegar lausar stöður við skólann eru auglýst er alltaf óskað eftir leikskólakennurum í starfið.	Mannauðsstjóri	Þar til ákvæði laga hefur verið náð
11	Kjós í foreldraráð á hvert	Verður framkvæmt í september ár hvert	Skólastjóri	September ár hvert
12	Æskilegt væri að taka upp umræðu með foreldrum um leikfangakost og efnivið og umgengni um hann	Faglegt starf verður gert sýnilegra með því að veita foreldrum ítarlegri upplýsingar um hvernig efniviðurinn er notaður á fjölbreyttan hátt. Einnig verður lögð áhersla á að kjarnastjórar greini frá nýtingu efniviðs í hópatímum á hverjum kjarna, útfrá vikuáætlun hvers hóps.	Mannauðsstjóri Aðstoðarskólastjóri	Skólaárið 2015-2016
13	Auka mætti upplýsingar á heimasíðu leikskólans um þjónustu sékennsluteymis og þjálfunarkjarna	Verður bætt úr því	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Haustönn 2015
14	Æskilegt væri að gera matsáætlun til lengri tíma	Verður unnið skólaárið 2015-2016	Skólastjóri	Skólaárið 2015-2016
15	Skoða hvernig foreldrar og börn geta komið meira að mati á leikskólastarfinu	Foreldrakönnun var framkvæmd vorið 2015 og unnið verður úr henni á haustönn 2015. Í framhaldi af því er gerð umbótaáætlun og sett markmið. Það má hins vegar bæta þátttöku barna í þessum málum og munum við vinna að því næsta skólaár að leita leiða til þess. M.a. með því að nýta okkur lokaverkefni á meistarastigi í leikskólakennarafræðum sem unnið var í skólanum síðasta skólaár þar sem skoðað var hvernig efla megi þátttöku barna í mati á skólastarfi.	Skólastjóri Aðstoðarskólastjóri	Foreldrakönnun verður framkvæmd annað hvert ár héðan í frá, hófst vor 2015. Skólaárið 2015-2016 verður rýnt í leiðir til að efla þátttöku barna í mati á starfinu.
16	Kynna ætti niðurstöður innra mats og ræða á starfsmannafundum	Á starfsmannafundi í september og janúar ár hvert verður farið yfir mat kjarna og umbótaáætlun rædd.	Stjórnendateymi	September og janúar ár hvert

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
17	Æskilegt væri að gera umbótaáætlun sýnilegri	Umbótaáætlun verður kynnt á starfsmannafundi í ágúst og verður síðar gerð aðgengileg á heimasíðu skólans.	Stjórnendateymi	September 2015
18	Sjá til þess að þau verkefni sem í boði eru í vali séu hæfilega krefjandi og hæfi aldri og þroska barna	Verður rýnt í með starsfmönnum á starfsdegi 11.september	Mannauðsstjóri Aðstoðarskólastjóri	September 2015
19	Þjóða upp á meiri fjölbreytni í vali	Að mati stjórnenda skólans er mikil fjölbreytni í val, en alltaf má gera betur og því verður rýnt í notkun ítarefnis og hvernig efla megi leikinn á val tíma. Þetta verður gert á starfsdegi 11.september auk þess sem eftirfylgni verður aukin.	Stjórnendateymi	September 2015
20	Skilgreina ætti markmið hópstarfs betur, endurskoða skipulag þess og meta hvort samræmist skólanámskrá og aðalnámskrá	Starfsdagur 11.september verður rýnt í markmið og þær leiðir sem við störfum eftir, og metið út frá skólanámskrá og aðalnámskrá.	Skólastjóri	September 2015
21	Æskilegt er að greina hvernig unnið er með námsvið leikskólans, læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu	Í leikskólanum Sjálandi er unnið með grunnþætti menntunar skv. námskrá skólans. Inn í það starf fléttast námsvið leikskólans og leikur og nám barna. Til að gera námsviðin sýnilegri verður bætt við kafla í námskrá skólans sem fer yfir þær leiðir sem unnið er eftir varðandi námsvið leikskóla.	Aðstoðarskólastjóri	Skólaárið 2015-2016
22	Gera vinnu með grænánaverkefnið sýnilegra sem þátt í vinnu með sjálfbærni	Auka þátttöku M.aggja M.oltu í daglegu starfi, og nýta meira í umræðunni um sjálfbærni og umhverfismennt	Aðstoðarskólastjóri	Haustönn 2015
23	Skoða ætti hvort nýta mætti rými listaskála betur	Búið er að ráða inn sérgreinakennara til eins árs sem vinnur á Listakjarna með áherslu á sköpun.	Aðstoðarskólastjóri	Nú þegar í framkvæmd

nr.	Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
24	Æskilegt væri að auka vægi skapandi starfs í leikskólanum	Búið er að ráða inn sérgreinakennara til eins árs sem vinnur á Listakjarna með áherslu á sköpun.	Aðstoðarskólastjóri	Nú þegar í framkvæmd
25	Auka mætti áherslur á sjálfshjálp barna og lýðræði í matartímum	Lögð verður áhersla á sjálfshjálp barna í matartímum sem og samræður á meðan matartíma stendur. Rýnt verður í þær hugmyndir sem koma hafa fram vaðrandi þennan þátt í starfinu og fundnar leiðir til að efla innan skólans.	Mannauðsstjóri Aðstoðarskólastjóri	Skólaárið 2015-2016
26	Leita leiða til að auka þátttöku barna í ákvörðunum sem varðar skipulag og verkefnaval	Nýta starfsdag 11. september til að ræða með kennarahópnum, ákveða hvaða leiðir ætti að fara og innleiða í kjölfarið	Stjórnendateymi	September 2015
27	Skoða mætti áherslur og vinnu með börnum sem eiga annað móðurmál en íslensku, t.d. Vinnu með móðurmál þeirra og aðferðir við íslenskukennslu	Í leikskólanum Sjálandi er fjölbreytileikinn hafðir að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að upphefja menningu og bakgrunn barnanna. Meðal annars er haldin fjölþjóðavika í kjölfari Þorrablótsins, þar sem menning þeirra barna sem eru af öðrum uppruna en íslenskum er kynntur í samtari við barnið og fjölskyldu þess. Að auki verður hvatt til þess að börn af erlendum uppruna nýti móðurmál sitt í daglegu starfi.	Sérkennsla Mannauðsstjóri	Skólaárið 2015-2016